



Fundur í sveitarstjórn

25. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn þriðjudaginn 12. maí 2015 kl 17:00

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, Reynir Atli Jónsson, Hilma Steinarsdóttir, Hulda Kristín Baldursdóttir, Björn Guðmundur Björnsson, Þorsteinn Egilsson og Elías Pétursson, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 8. fundar fræðslunefndar Langanesbyggðar dags. 21. apríl 2015**
Lögð fram til kynningar
- 2. Fundargerð 8. fundar Umhverfis- og skipulagsnefndar Langanesbyggðar dags 6. maí 2015**
Liður 1. Urðunarmál Bakkafjörður svör vegna athugasemda við deiliskipulag urðunarsvæðis. Lagt er til að sveitarstjórn samþykki framlögð svör Umhverfis- og Skipulagsnefndar. Stefnt á að funda með íbúum Bakkafjarðar fljótlega. Samþykkt samhljóða.
Liður 2b. Sveitarstjóra falið að senda bréf á landeigendur og hvetja þá til að fjarlægja aflagðar girðingar á sínum jörðum. Samþykkt samhljóða. Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.
- 3. Fundargerð 264 fundar stjórnar Eypings dags. 25. mars 2015**
Lögð fram til kynningar
- 4. Fundargerð 265 fundar stjórnar Eypings dags. 7. apríl 2015**
Lögð fram til kynningar
- 5. Fundargerð stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum dags. 16. apríl 2015**
Lögð fram til kynningar
- 6. Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar – seinni umræða**
Sveitarstjóri kynnti þær breytingar sem lagðar eru til á samþykktum um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar frá fyrri umræðu.
Lagt til að sveitarstjórn samþykki framlagðar samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.
- 7. Samþykktir fastanefnda Langanesbyggðar**
Lagðar fram samþykktir fyrir fastanefndir Langanesbyggðar og breytingartillögur á þeim.



LANGANESBYGGÐ

Lagt til að sveitarstjórn samþykki framlagðar samþykktir fastanefnda Langanesbyggðar. Samþykkt samhljóða.

8. Kjörstjórnir Langanesbyggðar

Yfirkjörstjórn

Aðalmenn:

Gunnlaugur Ólafsson
Guðrún Stefánsdóttir
Jón Marinó Oddsson

Varamenn:

Guðmundur Hólm Sigurðsson
Vífill Þorfinnsson
Sigríður Gamalíelsdóttir

Undirkjörstjórn vestri:

Aðalmenn:

Dagbjört Aradóttir
Ragnhildur Karlsdóttir
Marinó Jóhannsson

Varamenn:

Páll Jónasson
Svala Sævarsdóttir
Borghildur Björg Þóroddsdóttir

Undirkjörstjórn eystri:

Aðalmenn:

Áki Guðmundsson
Freydís Magnúsdóttir
Bylgja Dögg Sigurbjörnsdóttir

Varamenn:

Járnbrá Ólafsdóttir
Árni Bragi Njálsson
Birgir Ingvarsson

9. Viðhald á Þórsveri

Sveitarstjóri reifaði málið og fór yfir helstu þætti og möguleika. Sveitarstjóra falið að vinna minnisblað og leggja fyrir næsta fund sveitarstjórnar. Samþykkt samhljóða.

10. Atvinnu og ferðamálaláning

Sveitarstjórn leggur áherslu á að íbúaláning verði haldið í Langanesbyggð um atvinnu- og ferðamál. Sveitarstjóra og Atvinnu- og ferðamálanefnd falið að vinna málið áfram og stefnt verður á að halda þing í september 2015. Samþykkt samhljóða.

11. Íþróttamiðstöðin Ver

Lagt er til að í stjórn Vers verði Formaður ÍTN, aðili frá Svalbarðshreppi og sveitarstjóri



LANGANESBYGGÐ

Langanesbyggðar sem jafnframt verði formaður stjórnarinnar. Sveitarstjóra falið að boða til fundar og gera starfsreglur fyrir stjórnina. Samþykkt með fimm atkvæðum, Þorsteinn og Hulda sátu hjá.

12. Finna fjörður - staða verkefnis

Oddviti og sveitarstjóri fóru yfir stöðu verkefnisins. Aðilar frá Bremenports munu koma til landsins í maí til að fylgja eftir ýmis konar rannsóknum og samskiptum, meðal annars verður farið í uppsetningu á veðurstöðvum og jarðvegsrannsóknir framkvæmdar en þessir liðir frestuðust í vetur vegna veðurs. Þeir munu funda með ýmsum aðilum á Íslandi vegna verkefnisins.

L-listi lagði fram eftirfarandi bókun: L-listinn gerir athugasemd við það að fundargögn hafi ekki fylgt þessum lið. Einnig leggur L-listinn áherslu á að 3 manna nefnd verði skipuð um þetta gríðarstóra verkefni.

13. Vegur milli Þórshafnar og Bakkafjarðar

Samgöngur innan sveitarfélagsins Langanesbyggðar eru óviðunandi og eru vegabætur á milli Þórshafnar og Bakkafjarðar löngu tímabærar. Sveitarstjórn Langanesbyggðar leggur áherslu á að brýnt sé að ljúka lagningu bundins slitlags á veginn milli Bakkafjarðar og Þórshafnar en um er að ræða samtals 27 km langa aðskilda malarkafla af 44 km heildarvegalengd. Stuttir mjög slæmir malarkaflar á milli malbikaðra kafla skapa mikla hættu á umferðaróhöppum. Vegkaflar þessir hafa um áratuga skeið verið mjög slæmir og viðhaldi þeirra hefur verið ábótavant. Sveitarstjóra falið að koma þessu á framfæri við Vegagerð og þingmenn svæðisins.

14. Ársreikningur 2014 – seinni umræða

Ársreikningurinn hefur að geyma ársreikning fyrir þær rekstrareiningar sem falla undir A hluta starfsemi sveitarfélagsins og samantekinn ársreikning fyrir alla starfsemi þess þ.e. A og B hluta, sbr. 60 gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011.

Til A hluta, þ.e. sveitarsjóðs, telst starfsemi sem að hluta eða öllu leyti er fjármögnuð með skatttekjum en auk aðalsjóðs er um að ræða Eignasjóð og Þjónustumiðstöð. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki sem að hálfu eða meirihluta eru í eigu sveitarfélagsins en rekstur þessara fyrirtækja er fjármagnaður með þjónustutekjum. Fyrirtæki sem falla undir B hluta starfsemi sveitarfélagsins eru Félagslegar íbúðir, Fráveita, Vatnsveita, Hafnarsjóður, Naust og Fræ ehf.

Samkvæmt rekstrarreikningi ársins 2014 námu rekstrartekjur A og B hluta 664,4 millj. kr. samanborið við 668,1 millj. kr. á árinu 2013. Lækkun milli ára nemur því um 0,6%.

Rekstrargjöld A og B hluta, þ.e. laun og launatengd gjöld, annar rekstrarkostnaður og afskriftir námu á árinu 656,7 millj. kr. en voru 630,5 millj. kr. á árinu 2013. Hækkun frá fyrra ári nemur 4,2%.

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld hækka á milli ára. Fjármagnsgjöld umfram fjármunatekjur A og B hluta árið 2014 voru 32,3 milljónir kr. en voru árið 2013 alls 31,5 millj. kr.

Ebita fyrir árið 2014 var 60,8 milljónir kr. en fyrir árið 2013 var hún 87,3 milljónir kr.



LANGANESBYGGÐ

Samkvæmt sjóðstreymisyfirliti ársins 2014 nemur veltufé frá rekstri 30,6 millj. kr. samanborið við 66,6 millj. kr. á árinu 2013.

Rekstrarhalli ársins 2014 nemur því 24,6 millj. kr. fyrir A og B hluta. Hagnaður fyrir árið 2013 var 6,1 milljónir kr.

Skuldahlutfall A og B hluta Langanesbyggðar er í árslok 2014, 90,5% en var 90 í árslok 2013. Samkvæmt sveitarstjórnarlögum nr.138/2011 má skuldahlutfall ekki vera hærra en 150 %

L-listi lagði fram eftirfarandi bókun: Fulltrúar L-lista samþykkja framlagðan ársreikning 2014 og telja hann réttan miðað við fyrirliggjandi gögn en L-listinn gerir á sama tíma alvarlegar athugasemdir við það hve fjarri rekstrarniðurstaða ársins er því sem lagt var upp með í fjárhagsáætlun vegna 2014.

Meirihluti sveitarstjórnar óskaði eftir fundarhlé, fundarhlé í 10 mínútur

Meirihluti sveitarstjórnar lagði fram eftirfarandi bókun: Meirihluti sveitarstjórnar undrast bókun L-listans þar sem öllum fulltrúum í sveitarstjórn má vera ljóst að ástæður mikils viðsnúnings milli áætlunar og raunútkomu 2014 er annarsvegar tekjubrestur hjá höfninni m.a. vegna lélegrar loðnuvertíðar og hinsvegar aukinn launakostnaður sem ekki var hægt að sjá fyrir.

Ársreikningurinn ræddur.

Ársreikningur 2014 borinn undir atkvæði. Samþykktur samhljóða.

15. Rekstraruppgjör janúar-mars 2015

Sveitarstjóri fór yfir helstu tölur rekstraryfirlitsins. A-hluti sveitarfélagsins fer 5,7 m.kr fram úr áætlun fyrstu 3 mánuði ársins. A- og B hluti skila hins vegar 10,2 m.kr. betri afkomu en gert var ráð fyrir í áætlun. Skýrist það að mestu af meiri tekjum í hafnarsjóði en gert var ráð fyrir í áætlun.

Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að semja við KPMG um að vinna úttekt á rekstri Langanesbyggðar. Tillagan borin undir fundinn og samþykkt samhljóða.

16. Viðhaldhaldsverkefni 2015

Sveitarstjóri fór yfir viðhaldsverkefnalista 2015 sem fylgdi með fundargögnum. Forgangsröðun og kostnaður ræddur.

17. Skýrsla sveitarstjóra

- a) Fundur var haldinn á Vopnafirði um tækifæri í ferðaþjónustu, um samstarfsverkefni sveitarfélaganna er að ræða. Eftirtaldir aðilar sendu frummælendur á fundinn, Íslandsstofa, Austurbrú og Langanesbyggð. Að loknum erindum var haldið „hugmyndaregn“ hvar fram komu margar ágætar hugmyndir, búið er að taka þær helstu saman.



LANGANESBYGGÐ

- b) Málþing um sögutengda ferðaþjónustu – sveitarstjóri sótti málþing um tækifæri í sögutengdri ferðaþjónustu, það var mjög áhugavert.
- c) Íslenska Gámafélagið – sveitarstjóri hefur undanfarið átt samtöl varðandi ýmis mál sem tengjast m.a. bókun Landbúnaðarnefndar, vonast er eftir niðurstöðu í þau flest mjög fljótlega.
- d) Leikskóli/skólamiðstöð – áfram hefur verið unnið, reiknað er með því að haldinn verði vinnufundur hér á Þórshöfn með hönnuði mjög fljótlega.

Fleira ekki gert

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 20:00